

Myndvinnsla

Kennari: Óðinn Þór Kjartansson

Lýsing

Farið verður í grunn stafrænnar ljósmyndavinnslu með hjálp myndvinnsluforritsins Adobe Photoshop. Nemendur læra hvernig hægt sé að auka gæði stafrænna ljósmynda á einfaldan hátt. Einnig verður farið yfir hina ýmsu möguleika sem myndvinnsluforrit bjóða upp á og nemendur aðstoðaðir við að vinna verkefni að eigin vali.

Markmið að nemendum:

- nái grunnfærni í myndvinnsluforritinu Adobe Photoshop
- læri að vista myndir í samræmi við notkun þeirra (stærð og upplausn)
- kynnist möguleikum stafrænnar myndvinnslu
- skoði bækur og blöð sem tengjast myndvinnslu
- vinni verkefni sem tengjast áhugasviði þeirra

Kennsluaðferðir og leiðir að markmiði

Einstaklingskennsla, sýnikennsla, hópkenndsla. Nemendur verða aðstoðaðir við að vinna verkefni að eigin vali sem tengjast áhugasviði þeirra. Skoðaðar verða bækur og blöð tengd stafrænni myndvinnslu og tekin fyrir dæmi um vel unnar ljósmyndir.

Námsgögn

Bækur og blöð sem tengjast myndvinnslu.

Námsmat

Einkunnagjöf verður byggð á þrjúþættu mati kennara á framistöðu nemenda.

1. Frumkvæði og sjálfstæði
2. Vinnusemi og vandvirkni
3. Verkefni